

Reglur Grímsnes- og Grafningshrepps um afslátt á leikskóla- og frístundaheimilisgjöldum.

1. Grímsnes- og Grafningshreppur veitir
 - Einstæðu foreldri 20% afslátt af leikskóla- og/eða frístundaheimilisgjöldum barns/barna.
 - Foreldri í námi 20% afslátt af leikskóla- og/eða frístundaheimilisgjöldum barns/barna.
 - 40% afslátt af leikskóla- og/eða frístundaheimilisgjöldum barns/barna ef báðir foreldrar eru í námi.
2. Sækja þarf um afsláttinn á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum.
Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja umsókn:
 - Vegna einstæðra foreldra:
Vottorð um hjúskaparstöðu frá Þjóðskrá skal fylgja umsókninni.
 - Vegna námsmanna:
Námsmannaafsláttur miðast við að námið sé lánshæft samkvæmt viðmiðunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Skrifstofa LÍN veitir upplýsingar um þá skóla og það nám sem metið er lánshæft. Námsmaður skal vera í a.m.k. 75% námi á háskólastigi en í 100% námi sé hann í sérnámi. Þessi afsláttur á einnig við ef stundað er fullt nám í framhalds-, mennta-, fjölbrauta og iðnskóla. Kvöldnám er ekki tekið gilt.
Staðfesting frá skóla ásamt umsókn skal berast skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir 16. janúar og 16. september ár hvert.
3. Umsókn um afslátt skal hafa borist sveitarfélaginu eigi síðar en 16. dag fyrsta greiðslumánaðar. Ef umsókn berst seinna verður afsláttur ekki veittur þann mánuðinn.
4. Foreldri/foreldrum er skylt að tilkynna sveitarfélaginu þegar í stað um breytingar á högum sínum sem áhrif geta haft á rétt hans/þeirra til afsláttar.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 5. febrúar 2020

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri